



# Sóknaráætlun Austurlands

2020–2024



SÓKNARÁÆTLUN  
AUSTURLANDS

Gefið út í október 2019  
Ábyrgðarmenn: Signý Ormarsdóttir  
og Tinna K. Halldórsdóttir  
Umbrot: Austurbrú

# Efnisyfirlit


Lykilhugtök og áherslur	2
Inngangur	3
Sóknaráætlun og heimsmarkmið	4
Leiðarljósin	5
Ferlið: Samantekt	6
Undirbúningur og greiningarvinna	8
Stefnur sveitarfélaganna	9
Framtíðarsýn 2030	10
Samfélag: Staða landshlutans	11
Samfélag: Stöðugreining	16
Menning: Staða landshlutans	17
Menning: Stöðugreining	18
Atvinna: Staða landshlutans	19
Atvinna: Stöðugreining	20
Umhverfi: Staða landshlutans	21
Umhverfi: Stöðugreining	22
Markmið	23
Markmið: Samfélag	24
Markmið: Menning	25
Markmið: Atvinna	26
Markmið: Umhverfi	27
Áherslur og hvatning	28
Samskipti og kynningaráætlun	29



AUSTURLAND

# Lykilhugtök & áherslur

- Samfélag**
- > Íbúafjölgun
  - > Fjölmenning blómstrar
  - > Heilsufar gott og öflug heilbrigðisþjónusta með fjarþjónustu sem eykur öryggi og búsetugæði
  - > Tekjur á Austurlandi góðar
  - > Hagsæld sveitarfélaganna



- Atvinnumál**
- > Kraftmikið atvinnulíf
  - > Framsækin matvælaframleiðsla
  - > Matarauður Austurlands
  - > Austfírsk ferðaþjónusta er gæðavara
  - > Áfangastaðurinn Austurland
  - > Þverfaglegt samstarf mikið og gjöfult

- Menningarmál**
- > Kraftmikið íþróttalíf
  - > Menningarþáttaka mikil
  - > Listir skapa störf og tómstundatækifæri
  - > Öflugar menningarmiðstöðvar
  - > Sinfóníuhljómsveit Austurlands áberandi

- Umhverfismál**
- > Sjálfbærni er leiðarljós
  - > Umhverfisvitund
  - > Umhverfisvirðing

# Inngangur

Sóknaráætlun Austurlands 2020-2024 er þróunaráætlun landshlutans og felur í sér stöðumat hans, framtíðarsýn, markmið og aðgerðaáætlun til að ná fram þeirri framtíðarsýn. Forgangsröðun verkefna skal byggja á Sóknaráætlun landshlutans sem gerð er til 5 ára og gert er ráð fyrir að hún verði endurskoðuð í heild sinni a.m.k. einu sinni á samningstímabilinu.

Sóknaráætlun er unnin samkvæmt samningi Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA) við samgöngu og sveitarstjórnarráðuneyti og mennta og menningarmálaráðuneyti byggt á grundvelli laga nr. 69/2015 um byggðaáætlun og sóknaráætlanir.

Í 5. mgr. 1.2 gr. nýs samnings um Sóknaráætlun Austurlands segir: *Landshlutinn setur sér leiðarljós sem tekur mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun, þingsályktun um menningarstefnu og annarri stefnumótun ríkisins eftir því sem við á.*

**Sóknaráætlun horfir til lýðfræðilegra þátta og eflingu mannlífs auk eftirfarandi málaflokka:**

Samfélags

Menningarmála

Atvinnumála

Umhverfismála

Sóknaráætlun tekur til samstarfs innan landshlutans og út á við þar sem svo á við. Sóknaráætlun lítur til stefnumótunar og áætlunargerðar sveitarfélaganna og Svæðisskipulags Austurlands.

Við gerð Sóknaráætlunar var skipaður samráðshópur sem var settur þannig saman að þar væri sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífss, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Þar var reynt að gæta búsetu- og kynjasjónarmiða.

Landshutasamtökun skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangs og skal hann hafa beina aðkomu að gerð Sóknaráætlunar landshlutans og vera upplýstur um framgang hennar. Gert er ráð fyrir að samráðsvettvanguinn hittist árlega á gildistíma samningsins. Þar verði Sóknaráætlunin rýnd og framgangur hennar metinn.

Heimsmarkmiðin sautján eru sampætt og órjúfanleg og fela í sér fimm meginþemu: *mannkyn, jörð, hagsæld, frið og samstarf*. Aðalinninkmarkmiðanna er jafnframt að engir einstaklingar eða hópar verði skildir eftir. Í skýrslu frá Sameinuðu þjóðunum sem kom út á ráðherrafundi Sameinuðu þjóðanna í New York í júní 2019 segir að þrátt fyrir árangur á ákveðnum sviðum, meðal annars hvað varðar að draga úr fátækt og bæta heilsu, þurfi þjóðir heims að bregðast við með skilvirkari og hraðari hætti en hingað til.

# Sóknaráætlun og heimsmarkmið

Lagt er til að heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna verði ákveðin leiðarljós við framkvæmd Sóknaráætlunar Austurlands 2020-2024. Þessi markmið eru 17 og greinast niður í undirmarkmið sem alls eru 169. Þau eru nú höfð til hliðsjónar við stefnumótun og aðgerðaáætlanir í víðu samhengi. Lagt er til að eftirfarandi markmið verði leiðarljós við framkvæmd Sóknaráætlunar en þau voru valin við upphaf vinnu við Sóknaráætlun og ríma við stefnur og markmið sem sett eru á landsvísu og af sveitarfélögum á Austurlandi:



**HEIMSMARKMIÐ**  
Sameinuðu þjóðanna  
um sjálfbæra þróun

## Leiðarljósin



# Leiðarljósin



2.4 Eigi síðar en árið 2030 verði sjálfbærni í matvælaframleiðslu tryggð og teknir upp starfshættir sem auka framleiðni og framleiðslu í landbúnaði, sem viðheldur vistkerfunum, dregur úr hættu af völdum loftslagsbreytinga, veðurofsa, þurrka, flóða og annarra hamfara og bætir land og jarðveg til lengri tíma litið.

**Sjálfbærni í matvælaframleiðslu er lykilþáttur í því að efla atvinnulíf og menningu. Þarna er átt við að minnka kolefnisspor, framleiðsla úr nærsamfélaginu er mikilvægur liður í því. Þessi vísir styður við matarmenningarferðaþjónustu og getur eftt svæðisvitund.**



4.7 Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.

**Lykifærni framtíðaríbúa jarðarinnar. Þar er fyrst og fremst skólakerfið og samfélagið það sem býr til þá vitund sem nútímaborgarinn þarf að búa yfir. Þessi þekking nær til fjórðu iðnbyltingarinnar, skapandi og gagnrýnninnar hugsunar og lausnamiðunar á þeim vandamálum og áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir. Þessi vísir er einn af forgangsvísum á landsvísu.**



8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.

**Þessi vísir styður við 2.4 og 4.7. Þessi vísir er einn af forgangsvísum á landsvísu. Því er mikilvægt að allir aðilar sem teljast til áhrifa eða hagaðila tileinki sér þau skref sem þarf til að vísirinn uppfylli markmið sitt.**



8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.

**Þessi vísir styður við atvinnugreinina og um leið ímyndarvinnuna og markaðssetningu sem felst í Áfangastaðnum Austurland. Þessi vísir er einn af forgangsvísum á landsvísu.**



11.4 Blásið til sóknar til þess að vernda og tryggja náttúru- og menningararfleifð heimsins.

**Þessi vísir eflir samfélagið, eykur samfélagsvitund og staðarstolt. Varðveisla menningar og náttúruarfleifðar er mikilvæg til að skapa nýjar hugmyndir á grunni þess sem áður var. Hann nýtist við vinnuna við Áfangastaðinn Austurland. Þessi markmið eru einn af forgangsvísum á landsvísu.**

# Ferlið: Samantekt

Sóknaráætlun fyrir Austurland var unnin á tímabilinu júní 2019 til nóvember 2019. Austurbrú sá að stærstu leyti um vinnuna en fengnir voru ráðgjafar frá Capacent til að stýra íbúafundum og fundi samráðshóps sem skipaður var út gildistíma áætlunar. Íbúafundirnir voru fjórir og haldnir á Vopnafirði, Egilsstöðum, Djúpavoggi og Reyðarfirði. Á þá komu samtals um 150 manns. Fundur samráðshóps var haldinn tveimur vikum síðar og var til hans boðað formlega til að tryggja aðkomu breiðs hóps úr hinum ýmsu greinum af öllu svæðinu. Niðurstaða þessarar vinnu þar sem lögð var áhersla á málaflokkana *Atvinna og nýsköpun, Menning og Umhverfi*, er framtíðarsýn sem stefnt er að með skýrum markmiðum og raunhæfum aðgerðum.

Framtíðarsýn Austurlands var unnin á samráðsvettvangi og var horft til ársins 2030 eða eins og til gildistíma rúmlegra tveggja nýrra sóknaráætlana. Niðurstaðan gaf til kynna metnað, kraft og framsækni.

Á samráðsvettvangi og út frá íbúafundum voru sett markmið fyrir landshlutann. Þau markmið eru sett fram í mælanlegum aðgerðum til að meta framvindu eða þróun.

Aðgerðir sem lagt verður áhersla á til að ná markmiðum um framtíðarsýn Austurlands eru í fjórum flokkum.

## Gerum meira af því að

- + planta skógi
- + nota almenningssamgöngur
- + efla staðarstolt
- + taka þátt í félags- og menningarstarfi
- + styðja við nýsköpun
- + efla listir sem fulla atvinnu

## Drögum úr


- sóun
- vinnu
- flækjustigi á öll sviðum

## Byrjum að

- + efla vistvænar samgöngur á Austurlandi
- + minnka kolefnissporið
- + fullvinna matvæli sem verða til á svæðinu
- + efla tengsl og hvetja innflytjendur til samfélagsþátttöku
- + líta á náttúru svæðisins sem verðmæta auðlind

## Hættum að

- stunda óþarfa neyslu
- tala svæðið niður
- rífast innbyrðis



# Undirbúningur og greiningarvinna

Við undirbúning að vinnu við nýja Sóknaráætlun var lagst í greiningarvinnu á fjölmörgum stefnum og áætlunum; á landsvísu og svæðisbundið. Ennfremur voru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna lögð til grundvallar við þessa vinnu.

Mat var lagt á fyrri áætlun og hvernig til tókst við að ná markmiðum sem þar voru sett sem og þau áhersluverkefni sem lagt var til að vinna. Niðurstaðan var sú að ýmislegt náði fram og sérstaklega gekk vel að framkvæma þau áhersluverkefni sem sett voru fram. Markmið áætlunarinnar voru mörg óskýr og erfitt að leggja mat á mælanleika þeirra og var ákveðið að markmið og aðgerðir nýrrar áætlunar væru sett fram á mælanlegan hátt til að meta framgang.

## Efni frá sveitarfélögum á Austurlandi sem litið var til

- > Innviðagreiningar
- > Atvinnuþróun
- > Skapandi greinar
- > Landbúnaður
- > Frumkvöðlar
- > Iðnaður
- > Sjávarútvegur
- > Umhverfisstefna
- > Menning
- > Menningarstefna
- > Íþróttir og tómstundir
- > Skólamál
- > Fjölskyldustefna
- > Innflytjendur
- > Nýir íbúar

Fjölmargar stefnur og áætlanir snerta viðfangsefni Sóknaráætlunar og var farið yfir m.a stefnumótandi byggðaáætlun og samgönguáætlun, ennfremur var kannað og lesið það sem til var hjá sveitarfélögum og gat nýst til að undirbyggja og grundvalla innihald nýrrar sóknaráætlunar.

## Aðrar stefnur og áætlanir á fjórðungs- og landsvísu sem litið var til

- > Menningarstefna
- > Atvinnustefna
- > Umhverfisstefna
- > Innviðagreining
- > Landbúnaðarstefna
- > Nýsköpunarstefna
- > Byggðaáætlun
- > Áfangastaðurinn
- > Svæðisskipulag
- > Samgönguáætlun
- > Fjarskiptaáætlun
- > Heimsmarkmið

# Stefnur sveitarfélaganna

Kannað var hvaða stefnur sem snerta beint innihald Sóknaráætlunar væru til hjá sveitarfélögum á Austurlandi. Spurt var um menningar-, atvinnu- og umhverfisstefnu, auk innviðgreininga og hvort Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna væru innleidd

		Er til	Í vinnslu	Er ekki til
	<b>Menningarstefna</b>	Fljótsdalshérað Fjarðabyggð	Seyðisfjörður Djúpivogur	Borgarfjörður Fljótsdalshreppur Vopnafjörður
	<b>Atvinnustefna</b>	Fljótsdalshérað Fjarðabyggð		Borgarfjörður      Seyðisfjörður Djúpivogur      Vopnafjörður Fljótsdalshreppur
	<b>Umhverfisstefna</b>		Fljótsdalshérað Fjarðabyggð	Borgarfjörður      Seyðisfjörður Djúpivogur      Vopnafjörður Fljótsdalshreppur
	<b>Innviðagreining</b>	Fljótsdalshérað	Fjarðabyggð Vopnafjörður	Borgarfjörður      Fljótsdalshreppur Djúpivogur      Seyðisfjörður
	<b>Heimsmarkmið í stefnu/sýn</b>		Vopnafjörður	Borgarfjörður      Fjarðabyggð Djúpivogur      Fljótsdalshreppur Fljótsdalshérað      Seyðisfjörður

# Framtíðarsýn 2030

Framtíðarsýn Austurlands var unnin á samráðsvettvangi og var horft til ársins 2030 eða eins og til gildistíma rúmlegra tveggja nýrra sóknaráætlana. Niðurstaðan gaf til kynna

metnað, kraft og framsækni. Þáttakendur sömuðu forsíðu dagblaðs fyrir einn dag í september árið 2030 sem lýsti því helsta sem um væri að vera í landshlutanum.

Á Austurlandi fjölgar íbúum jafnt og þétt og ungt fólk flytur austur. Innflytjendur aðlagast samféluginu vel, taka virkan þátt og fjölmenning blómstrar. Heilsufar Austfirðinga er almennt gott í öllum samanburði og heilbrigðisþjónustan er efld með nýrri tækni í fjarþjónustu sem eykur öryggi og búsetugæði. Tekjur á Austurlandi eru góðar og hagur sveitarfélaganna góður.

Á Austurlandi er kraftmikið íþróttalíf. Menningarþátttaka er mikil og listir skapa bæði tómstundatækifæri og starfsvettvang fyrir listamenn. Menningarmiðstöðvar eru öflugar og Sinfóníuhljómsveit Austurlands er áberandi í menningarlífinu.

Mikill metnaður einkennir atvinnulíf á Austurlandi. Sérstaklega er sótt fram á sviði matvælaframleiðslu og er matarauður Austurlands þekktur sem fyrirmynnar hugmyndafræði. Ferðaþjónusta á svæðinu er gæðavara sem sækir fram undir merkjum Áfangastaðarins Austurlands. Ólíkar greinar styðja hver aðra og vinna saman.

Á Austurlandi er stefnt að sjálfbærni á sem flestum sviðum allt frá samgöngumálum til matvælaframleiðslu, frá úrgangsmálum til nýsköpunar. Aukin umhverfisvitund og metnaður einkennir stefnu Austurlands í málum er snúa að endurvinnslu, sorpeyðingu og úrgangsmálum almennt. Sjálfbærni og umhverfisvirðing einkennir matvælaframleiðslu og vinnslu á svæðinu.

Háskóli starfar á Austurlandi. Þar fer fram fram öflugt nám, rannsóknir og stuðningur við atvinnulíf á svæðinu. Gerfigreind verður þróuð til stuðnings atvinnulífinu á framsækinn hátt.

Á Austurlandi tengja göng staði. Áhersla er á vistvænan samgöngumáta bæði með stuðningi við umhverfisvæn farartæki m.a. í almenningssamgöngum og metnaðarfulla byggingu hjólreiðastíga. Innanlandsflug er öflugt og á allra færi. Reglulegt beint flug til útlanda er um Egilsstaðaflugvöll.

## Samfélag: Staða landshlutans

Á Austurlandi voru 10.663 íbúar 1. janúar 2019. Þeim fjölgar jafnt og þétt eftir að jafnvægi komst á íbúaþróun fyrir tæpum 10 árum eftir stóriðjuframkvæmdirnar 2003-2009. Íbúaþróun hefur ekki dreifst jafnt á svæðinu og hefur fjölgunin verið bundin við Reyðarfjörð og Fljótsdalshérað að mestu leyti en þó hefur orðið örlítil fjölgun á Fáskrúðsfirði og Eskifirði. Hlutfall karla og kvenna í landshlutanum er eins og annars staðar á landsbyggðinni þannig að karlar eru fleiri en konur, en þeir eru 600 fleiri en konurnar. Jafnast er kynjahlutfallið á Fljótsdalshéraði og Seyðisfirði en ójafnast á Reyðarfirði, Breiðdalsvík og Eskifirði. Meðalaldur íbúa fer hækkandi og oft vantar ákveðið aldursbil inn í mannfjöldapíramíða þegar unga fólkið fer burtu til náms og starfa annars staðar.


Hlutfall erlendra ríkisborgara af heildaríbúafjölda Austurlands hefur vaxið jafnt og þétt. Nú eru tæplega 10% íbúa Austurlands af erlendum uppruna, langflestir pólskir eða tæplega

600 manns. Sú fjölgun sem orðið hefur á íbúum Austurlands er fyrst og fremst byggð upp á þessum hópi innflyttjenda sem hefur aðallega sest að í Fjarðabyggð. Á Eskifirði og Reyðarfirði eru 16%-18% íbúa af erlendum uppruna sem hefur töluverð áhrif í smáum samfélögum. Í hópi innflyttjendanna eru karlar mun fjölmennari og eru þeir til að mynda helmingi fleiri en konurnar á Eskifirði. Á Fljótsdalshéraði eru um 4% íbúa af erlendum uppruna og er hlutfall karla og kvenna nokkuð jafnt.


Grunnskólar eru í öllum þéttbýliskjörnum sveitarfélaganna á Austurlandi. Alls eru þrír framhaldsskólar á Austurlandi; Menntaskólinn á Egilsstöðum, Hallormsstaðaskóli og Verkmenntaskóli Austurlands. Austurbrú rekur öfluga framhaldsfræðslu og á Seyðisfirði starfar LungA-skólinn, listalyðskóli., starfar á Seyðisfirði. Enginn háskóli er á Austurlandi en Rannsóknasetur Háskóla Íslands er á Egilsstöðum.




## Íbúaþróun á Austurlandi í 20 ár




# Þróun síðustu 10 ára: Hlutfallsleg breyting á íbúafjölda



# Íbúar Austurlands: Aldur



## Kynjahlutfall




Kynjaskipting á Austurlandi er nokkuð jöfn.

## Uppruni



## Þjóðerni



Árið 2016 voru innflytjendur um einn tíundi af íbúum Austurlands, þ.e. 495 karlar (5%) og 379 konur (4%).

# Samfélag: Stöðugreining

## Styrkleikar

---

- + Fjölgun en ekki fækkun íbúa
- + Innflytjendur eru fjölmargir af mörgum þjóðernum
- + Blanda af aðfluttum og rótgrónum íbúum
- + Sí- og endurmenntunarþjónusta veitt víða um svæðið
- + Aðgengi að fjarnámi á háskólastigi er til staðar
- + Framhaldsskólar

## Tækifæri

---

- + Ungt fólk virðist vera farið að sjá kosti þess að búa úti á landi og er farið að flytja heim, eða bara út á land
- + Mikil tækifæri til útvistar og útvistartengdrar heilsuræktar

## Veikleikar

---

- Fólksfækkun viðvarandi í minnstu sveitarfélögum
- Aldurssamsetning íbúa óhagstæð á mörgum stöðum
- Samfélagsleg virkni innflytjenda takmörkuð
- Íslenskukennsla fyrir innflytjendur ómarkviss
- Samgöngur erfiðar, ótryggar á veturna
- Neikvæðni í samfélögum, bæði innan og á milli
- Enginn háskóli
- Framboð greina í fjarnámi er staðnað og takmarkað
- Menntunarstig lægra en landsmeðaltal
- Skortur á sérfræðibjónustu lækna

## Áskoranir / Ógnanir

---

- Íbúafjölgunin bundin við Egilsstaði og Reyðarfjörð
- Fjölgunin mestmeginn innflytjendur sem eru oft óvirkir þátttakendur í samféluginu
- Einsleitur hópur innflytjenda verður að menningarkima
- Jaðarbyggðir upplifa sig út undan
- Nemendafæð i framhaldsskólum
- Ákveðin vontun á þjónustu heilbrigðissérfræðinga (lækna, sálfræðinga)

## Menning: Staða landshlutans

Fjölbreytt menningararlíf er í landshlutanum, bæði atvinnu- og áhugamanna. Þátttaka í menningarviðburðum er almennt nokkuð góð þó hún helgist vissulega af eðli viðburðanna. Á Austurlandi eru þrjár menningarmiðstöðvar sem hver sinnir mismunandi listformum (sviðlistir, myndlist og tónlist).

Markvisst starf hefur átt sér stað síðustu ár í að efla skapandi greinar og þá eru vaxtarþækifæri í listmenntun, með listnámsbraut ME og LungA-skólann fremst í flokki auk þess sem Hallormsstaðaskóli (áður Hússtjórnarskólinn) býður nám í matarhönnun og á textílsviði.

Nokkrar stórar hátíðir eru árlegir viðburðir (t.d. Bræðslan, Eistnaflug, LungA-hátíðin og Rúllandi snjóbolti) auk fjölbreytrar listastarfsemi árið um kring. Skortur á fjármagni, slæmar samgöngur og fólkssfæð hamla helst frekari uppbyggingu, þátttöku og samstarfi í menningarmálum.

Fleiri stofnanir og fyrirtæki á sviði menningar hafa orðið til á síðustu árum s.s. Ströndin, Sköpunarmiðstöðin, BE Porcelain. Stofnuð hefur verið barnamenningarhátíðin BRAS og Sinfóníuhljómsveit Austurlands er tekin til starfa.



# Menning: Stöðugreining

## Styrkleikar

---

- + Menningarmiðstöðvar
- + Lista- og menningarhátíðir
- + Fjöldi félaga sem vinna að listsköpun
- + Öflugt grásrótarstarf í sumum byggðarlögum/hópum
- + Fjöldi menntaðra listamanna í ólíkum listgreinum
- + BRAS – menningarhátíð barna og ungmenna á Austurlandi
- + Virk íþróttafélög
- + Fjölbreytni í íþróttagreinum í stærri byggðarlögum
- + Góð íþróttahús
- + Góð skíðasvæði
- + Íþróttaviðburðir tengdir ferðaþjónustu og menningu s.s. Urriðavatnssund og Barðsneshlaup

## Tækifæri

---

- + Fjölbreytt samsetning íbúa
- + Fjölbreytt framboð menningarviðburða
- + Listagreinakennsla í framhaldsskólum og LungA-skólinn

## Veikleikar

---

- Neikvæðni
- Samgöngur
- Starfsemi sem byggir á einstaklingum og er því brothætt
- Hrepparíkur og skortur á samstarfi
- Íþróttastarf fábreytt í minni byggðarlögum

## Áskoranir / Ógnanir

---

- Skýrari stefnur fyrir menningarmiðstöðvarnar
- Lítill samfélög/dreifð byggð sem gerir menningarstarf erfitt
- Skilningsleysi á mikilvægi menningarstarfsemi
- Grundvöllur ýmiskonar félagsstarfs oft veikur vegna þess hve byggðir eru dreifðar og vegalengdir miklar
- Innflytjendur lítt virkir í almennu félagsstarfi
- Menntun og reynsla þjálfara og leiðtoga
- Of mikið sjálfboðastarf og of lítill stuðningur í menningarstarfsemi; bæði listum og íþróttum

## Atvinna: Staða landshlutans

Í landshlutanum eru sterkar atvinnugreinar sem byggja á staðbundnu hráefni og vinnuaf er stöðugt. Framfarir í atvinnulífinu hafa verið miklar en frumkvöðlastarf og nýsköpun er takmörkuð og skortur er á menntuðu starfsfólki. Innviðir samfélagsins eru sterkir en kerfið

er viðkvæmt fyrir sveiflum og ýmsar grunnforsendur þarf að jafna með tilliti til aðstöðu, s.s. samgöngur, fjarskipti, heilbrigðisþjónustu og orkumál. Til að styðja framfarir í landshlutanum þarf að kortleggja mannauðinn og byggja á styrkleikum samfélagsins.



# Atvinna: Stöðugreining

## Styrkleikar

---

- + Sterkt atvinnulíf í ákveðnum greinum, sjávarútvegi og stóriðju
- + Stutt á miðin
- + Góðar hafnir
- + Öflug fyrirtæki í iðnaði
- + Næg atvinna
- + Lágt atvinnuleysishlutfall

## Tækifæri

---

- + Ljósleiðaravæðing
- + Auðlindir til atvinnusköpunar t.d. í ferðapjónustu og landbúnaði
- + Framhaldsskólar með vaxandi áherslu á iðn- og verkgreinar
- + Viðurkenning samfélagsins á mikilvægi skapandi greina
- + Ímyndarskópun Austurlands - áfangastaðavinna
- + Náttúra og menning Austurlands mikil auðlind
- + Tækifæri til sportferðamenntsku
- + Egilsstaðaflugvöllur

## Veikleikar

---

- Stór hluti atvinnutækifæra byggist á fáum fyrirtækjum
- Inniviðir sumra ferðamannastaða ófullnægjandi svo þeir liggja undir skemmdum
- Fjölbreytni í þjónustugreinum einkum sérfræðiþjónustu lítil
- Skortur á sérmenntuðu fólk í vissum greinum
- Umhverfi nýsköpunar veikt hvað varðar fjárhagslegan og faglegan stuðning
- Rekstrargrundvöllur ýmis konar þjónustu veikur vegna þess hve byggðir eru dreifðar og vegalengdir miklar
- Takmarkað innanlandsflug
- Framboð á störfum án staðsetningar lítið

## Áskoranir / Ógnanir

---

- Skortur á sérmenntun í iðngreinum
- Flutningskostnaður
- Lítill heimamarkaður
- Mikið af (sérfræði) þjónustu er aðkeypt utan svæðis
- Rannsókna- og nýsköpunarstarf á svæðinu of veikburða
- Viðhorf og þar með möguleikar til fjármögnunar fyrirtækja sem byggja á hugviti og skapandi greinum oft ekki hjálplegt
- Sveiflur í afurðaverði
- Fækkun opinberra starfa

## Umhverfi: Staða landshlutans

Staða umhverfismála á Austurlandi er nýr liður í Sóknaráætlun og byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og mikilli áherslu samtímans á umhverfismál í víðu

samhengi. Austurland tekst á við þær áskoranir eins og önnur samfélög og setur sér framtíðarsýn, markmið og aðgerðir sem tengjast umhverfismálum í Sóknaráætlun.



# Umhverfi: Stöðugreining

## Styrkleikar

---

- + Fjölbreytt og mikilfengleg náttúra
- + Mikið fuglalíf, fiskur í ám og vötnum, refir og hreindýr, fjörur og fiskimið undan ströndum
- + Fjölbreytt gróðurfar, víðfeðm heiðalönd, skógar, votlendi og sjaldgæfar plöntutegundir
- + Nægt ferskvatn
- + Góðar hafnaraðstæður
- + Þjóðgarður og friðlýst svæði
- + Flokkun á rusli

## Tækifæri

---

- + Fjölbreytt og mikilfengleg náttúra
- + Land vel fallið til jarðræktar a.m.k. á sumum hlutum Austurlands
- + Möguleikar til fiskeldis
- + Fjölbreyttir möguleikar til náttúruskoðunar með mismunandi ferðamáta
- + Hreindýra-, fugla- og stangveiði

## Veikleikar

---

- Rafvæðing bílaflota gengur of hægt
- Frágangur skólps og sorps gæti verið betri í mörgum byggðarlögum
- Loft og lyktarmengun frá iðnaði
- Ágengar tegundir plantna eru útbreiddar
- Inniviðir sumra ferðamannastaða eru ófullnægjandi og liggja undir skemmdum
- Salernisaðstöðu fyrir ferðamenn víða ábótavant
- Skaðleg umgengni við náttúruna, utanvegaakstur, skemmdir á náttúrmyndunum og slíkt
- Takmörkuð landvarsла við náttúruperlur

## Áskoranir / Ógnanir

---

- Aðgengi við ferðamannastaði
- Gróður og jarðvegseyðing á sumum svæðum vegna áfoks, ágangs beitardýra, vatnsrofs og uppblásturs
- Mengun frá landsamgöngum og í höfnum og á hafi frá skipum
- Gæta þarf að því að fiskeldi verði í sátt við náttúrlegt umhverfi

# Markmið


Markmið Sóknaráætlunar byggja á framtíðarsýn og stöðu landshlutans. Metnaðarmál er að markmið séu skýr, raunhæf og mælanleg. Þau eru sett fram sem yfirmarkmið sem oft geta verið óáþreifanlegri og huglægari en undirmarkmiðin en þau skýra betur hvaða þættir það eru sem teljast til markmiðsins. Eftirfarandi greining byggir á fjölmögum ólíkum gögnum, s.s. eldri sóknaráætlun, niðurstöðum rannsókna undanfarinna ára sem fjalla um Austurland, stefnum og aðgerðaáætlunum á landsvísu og í sveitarfélögum Austurlands. Gerð svæðisskipulags Austurlands hefur ákveðna samlegð með Sóknaráætlun, sem og stefnur sem sveitarfélög á Austurlandi hafa sett sér, s.s. menningar-, atvinnu- og umhverfisstefnur eða innviðagreiningar. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru höfð að leiðarljósi, auk þess sem byggt er á vinnu íbúafunda og samráðshóps sem lögðu fram viðhorf og reynslu sem lá til grundvallar markmiðum og aðgerðaáætlun.

Í hverjum málauflokki er staðan tekin saman með SVÓT-greiningu.

Markmiðum er skipt í tvennt; annars vegar mælanleg markmið þar sem upphafmæling er til og strax í upphafi hægt að leggja fram tölulegan mælikvarða. Hins vegar aðgerðamarkmið þar sem byrja þarf á að afla gagna eða kortleggja til að hægt sé að setja fram tölulegan mælikvarða. Við árlega endurskoðun Sóknaráætlunar verða markmiðin metin og aðgerðamarkmið færð yfir í mælanleg markmið þar sem við á.

Í aðgerðaráætlun er farið yfir undirmarkmið landshlutans í hverjum málauflokki og til hvaða aðgerða þarf að grípa til að ná settu marki. Rétt er að taka fram að þær aðgerðir sem þar eru listaðar upp eru settar fram í forgangsröð í hverjum málauflokki fyrir sig. Þær lýsa áherslum og hugmyndum um leiðir til að ná settum markmiðum. Þá eru tíundaðir þeir mælikvarðar sem stuðst verður við til að leggja mat á árangur.

Til að ná markmiðum Sóknaráætlunar eru eftirfarandi markmið og aðgerðir settar fram.



# Markmið: Samfélag

Númer	Breyta	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Íbúafjöldi – fleiri íbúar.	Árlega	Fjöldi	Hagstofa
2	Kynjahlutfall – jafnara.	Upphaf / Miðbik / Lok	%	Hagstofa
3	Aldursdreifing – fleiri í yngri hópum.	Upphaf / Miðbik / Lok	%	Hagstofa
4	Flutningsjöfnuður – jákvæður, fleiri flytja inn.	Upphaf / Miðbik / Lok	%	Hagstofa
5	Hlutfall innflytjenda – jafnara innan Austurlands.	Upphaf / Miðbik / Lok	%	Hagstofa
6	Tekjur – jafnari tekjur kynjanna og sambærilegar við landsmeðaltal.	Upphaf / Miðbik / Lok	kr / %	Hagstofa / RSK / Samband Sveitarfélaga
7	Átthagaást – sterkari tengsl.	Upphaf / Lok	Styrkur tengsla	Eyjahjarta 2014 / 2015 viðmiðunarmæling
8	Menningarupplifun – meiri þátttaka.	Upphaf / Lok	Skali	Eyjahjarta 2014 / 2015 viðmiðunarmæling
9	Menntun – hærra menntunarstig.	Upphaf / Lok	%	Hagstofa / Gallup (fer eftir aðgengi að gögnum)
10	Atvinnuleysi/atvinnupátttaka – áfram undir landsmeðaltali.	Árlega	%	VMST
11	Lýðheilsuvísar landlæknis – neikvæðir vísar færri; þunglyndislyfjanotkun, ölvun og tóbaksnotkun framhaldsskólanema.	Árlega	Vísar	Landlæknisembættið

# Markmið: Menning

Númer	Mælanleg Markmið	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Öll sveitarfélög á Austurlandi bjóði ungu fólki upp á skapandi sumarstarf.	Árlega	Fjöldi sveitarfélaga & einstaklinga Stöðugildi/Klst	Gögn frá sveitarfélögum
2	Fjölga styrkveitingum úr Nýsköpunarsjóði námsmanna í verkefni á Austurlandi.	Árlega	25%	Rannís
Númer	Aðgerðamarkmið	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Öll sveitarfélög á Austurlandi setji sér stefnu og reglur varðandi bæjarlistamann hvers árs.	Upphaf/lok	Fjöldi sveitarfélaga	Er til stefna – Fjöldi listamanna/Sveitafélaga
2	Allir skólar á Austurlandi hafi móttökuáætlun fyrir nemendur af erlendum uppruna.	Upphaf/lok	Áætlun/Fjöldi skóla/Sveitafélaga	Sveitarfélög/skólar
3	Öll sveitarfélög setji sér móttökuáætlun fyrir innflytjendur.	Upphaf/lok	Fjöldi sveitarfélaga	Gögn frá Sveitarfélögnum
4	Hlutfall nemenda í tónlistarnámi á grunn- og framhaldsskólastigi á Austurlandi og setja mælikvarða um viðhald eða aukningu.	Upphaf kortlagning Miðbik & Lok mæling	%	Gögn frá skólum
5	Hlutfall nemenda sem tekur þátt í skipulögðu íþróttastarfi á Austurlandi og setja mælikvarða um minna brottfall.	Upphaf kortlagning Miðbik & Lok mæling	%	Gögn frá íþróttafélögum

# Markmið: Atvinna

Númer	Mælanleg markmið	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Fjölda greinum sem hægt er að stunda í stað- og fjarnámi frá Austurlandi á háskólastigi árlega um a.m.k. eina grein. Horft verður sérstaklega til greina á sviði tækni og verkfræði.	Upphaf/miðbik/lok	Fjöldi greina	Niðurstöður könnunar SSA um fjarnám í upphafi og endurtekt
2	Fjölda iðngreinum sem eru boði í fjarnámi frá eða á Austurlandi.	Upphaf/lok	Fjöldi greina	Niðurstöður könnunar SSA um fjarnám í upphafi og endurtekt
3	Aukinn fjöldi styrkveitinga úr Rannís-sjóðum á Austurland (Tækniþróunarsjóður)	Árlega	% Fjöldi / Fjármagn	Gögn frá Rannís
4	Aukinn fjöldi styrkveitinga úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á Austurland – 15% styrkja árlega til Austurlands.	Árlega	%	Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
5	Viðhorf íbúa til ferðamanna – aukning á jákvæðum viðhorfum & jafnari dreifing yfir svæðið	Upphaf/miðbik/lok	Kvarðar / %	Könnun Áfangastaðarins 2015 & 2017
Númer	Aðgerðamarkmið	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Heildstæð kortlagning á störfum án staðsetningar sem svo verður notuð til að marka stefnu um aukin stöðugildi.	Upphaf kortlagning Lok mæling	Fjöldi starfa og stöðugilda	Könnun
2	Fýsileikakönnun á handverkssláturhúsi/framleiðslueldhúsi á Austurlandi	Upphaf	Könnun lokið	Könnun

# Markmið: Umhverfi

Númer	Mælanleg markmið	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Fjöldi skráðra bíla í flokki vistvænna/umhverfisvænna bifreiða á Austurlandi aukist um 25%.	Árlega	%	Yfirlit frá Umferðastofu/Skráning
2	Sveitarfélög á Austurlandi innleiði heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hafi þau sýnileg á heimasíðu sinni auk mælikvarða um framvindu.	Árlega	Fjöldi sveitarfélaga með innleidd, sýnileg markmið	Gögn frá sveitarfélögnum
3	Að skógarþekja verði 5% á Austurlandi á svæði Skógræktar ríkisins árið 2030.	2018/2023	%	Skógrækt ríkisins
Númer	Mælanleg markmið	Hvenær mælt	Mælikvarði	Mælitæki og gögn
1	Fylgjast með magni á sorpi frá heimilum á Austurlandi.	Árlega	Magn sorps frá heimilum	Gögn frá sveitarfélögum á Austurlandi og losunaraðila
2	Hlutfall sorps til endurvinnslu frá heimilum með það að markmiði að auka endurvinnsluhlutfall.	Árlega	Hlutfall	Gögn frá sveitarfélögum á Austurlandi og losunaraðila
3	Austurland setji sér matvælastefnu.	Lok	Fullgerð stefna	
4	Austurland setji sér umhverfisstefnu/loftslagsstefnu.	Lok	Fullgerð stefna	

# Áherslur og hvatning

Áherslur og hvatning til íbúa Austurlands, stofnana, fyrirtækja og sveitarfélaga.

- Styðja við menningarstarf í víðu samhengi, þar með talið grasrótarhreyfingar, fagfólk í listum, menningarhátíðir og menningarstofnanir.
- Hvetja til að allir viðburðir séu sýnilegir með sameiginlegu viðburðadagatali fyrir Austurland.
- Hvetja til afþreyingar fyrir börn.
- Kynna fyrirtæki á Austurlandi, t.d. með umfjöllun á samfélagsmiðum og svæðismiðum.
- Hvatning til sveitarfélaga að hafa „bæjarlistamann“ á launum á hverju ári.

- Hvetja til nýsköpunar og jákvæðs viðhorfs samfélagsins til framþróunar og sprota sem eru að hasla sér völl. Frumkvöölastarfsssemi. Svo sem hugmyndir frá samráðshópi Sóknaráætlunar um Hreindýrabúgarð, hvalaskoðun og sjóstangveiði, fuglaskoðun og laxaveiðisafn.
- Hvetja til aukinnar fjölbreytni í matvælaframleiðslu og vörumerki í matvælagerð.
- Halda uppi merkjum Áfangastaðarins Austurlands sem vörumerki með því að nota hann sem gæðastimpil fyrir Austurland.

- Plöntun á skógi.
- Kanna útbreiðsla skóga á Austurlandi og meta landið með tilliti til skógræktar, (ná markmiði um að sveitarfélög séu með 5% skógarþekju fyrir 2030).
- Hvatning til sveitarfélaga um að fyrirtæki, stofnanir og íbúar á Austurlandi eflí sem mest vistvænar samgöngur á Austurlandi á allan máta, hvort heldur sem er með minni bílanotkun (útblæstri) eða lengri og aðgengilegri hjólastígum og gangstéttum.

# Samskipta og kynningaráætlun

Leið	Aðgerð	Ársfjórðungur			
		jan-mars	apr-jún	júl-sep	okt-des
Fundir	Samráðshópur 2020				
	Samráðshópur 2021				
	Samráðshópur 2022				
	Samráðshópur 2023				
	Samráðshópur 2024				
	Kynningarfundir fyrir sveitarstj. og starfsm. sveitarfélaga 2019				
	Kynningarfundir fyrir sveitarstj. og starfsm. sveitarfélaga 2022				
	Kynningarfundir fyrir sveitarstj. og starfsm. sveitarfélaga 2024				
	Að loknum hverjum fundi er stutt frétt				
Samfélagsmiðlar og heimasiða	Fyrir hvern árlegan fund samráðshóps eru settir inn uppfærðir samfélagsvísar				
	Að loknum hverjum árlegum fundi samráðshóps eru settar inn fréttir af framgangi Sóknaráætlunar				
	Áhersluverkefni hvers árs eru kynnt a.m.k. árlega (lengri verkefni framgangur)				
	Áhersluverkefni alltaf kynnt við upphaf og lok				
	Samantektarfrétt árlega af stöðu framkvæmdar Sóknaráætlunar: Menning				
	Samantektarfrétt árlega af stöðu framkvæmdar Sóknaráætlunar: Atvinna				
	Samantektarfrétt árlega af stöðu framkvæmdar Sóknaráætlunar: Umhverfi				
Postlistar	Samráðshópur - samantekt af stöðu og framkvæmd fyrir hvern fund				
	Hvatning til sveitarfélaga að uppfæra/birta fréttir af stöðu Sóknaráætlunar um leið og þær birtast á heimasiðu/samfélagsmiðum Austurbrúar				
	Könnun á framgangi sóknarmarkmiða sem tengjast sveitarfélögum eða stofnunum				
	Fréttir af Sóknaráætlun á fyrirtækjapóstlista/samstarfsaðilar Austurbrúar				
Greinar	Frétt af áhersluverkefni				
	Frétt af samfélagsvísum				
	Frétt af stöðu menningarmarkmiða				
	Frétt af stöðu atvinnumarkmiða				
	Frétt af stöðu umhverfismarkmiða				
UA	Vinnustofur í tengslum við úthlutun UA				
	Úthlutunaráhlíð: Fréttir og umfjöllun				
	Umfjöllun um verkefni sem fékk úthlutun				

